

AUGLÝSING

um friðlýsingu kúluskíts, vaxtarforms grænþörungisins vatnaskúfs (*Aegagropila linnaei*).

1. gr.

Um friðlýsinguna.

Umhverfissráðherra hefur að tillögu Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands ákveðið að friðlýsa kúluskít, sem er vaxtarform grænþörungisins vatnaskúfs (*Aegagropila linnaei*), hvar sem hann vex villtur. Um er að ræða tegundavernd í samræmi við 3. tölulið 53. greinar laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar.

Markmið friðlýsingarinnar er að tryggja vöxt og viðgang kúluskíts og vernda hann fyrir röskun en hann er mjög sjaldgæfur og hefur fáa þekkta vaxtarstaði hér á landi. Auk þess er hann viðkvæmur fyrir mengun og annarri umhverfisröskun. Með friðlýsingunni er stuðlað að verndun líffræðilegrar fjölbreytni landsins.

3. gr.

Skilgreiningar.

Kúluskítur: Eitt vaxtarform, vatnaskúfs (*Aegagropila linnaei*), sem myndar þéttar kúlur, stundum stórvaxnar, allt að 15 cm í þvermál, sem sumstaðar mynda sérstakt samfélag. Á fylgiskjali með auglýsingu þessari er mynd af kúluskít.

Vatnaskúfur: Vatnaskúfur lifir í fersku vatni og finnst í nokkrum vötnum hér á landi, m.a. Mývatni, Þingvallavatni, Kringluvatni í Suður-Þingeyjarsýslu og Snjóölduvötnum á Héraði.

Kúluskítur er eitt af þremur vaxtarformum vatnaskúfs.

4. gr.

Vernd kúluskíts.

Óheimilt er að fjarlægja kúluskít af vaxtarstað á botni stöðuvatna, skaða eða skerða þörunginn eða botninn þar sem hann vex á einhvern þann hátt sem hindrað getur vöxt og viðgang þörungisins.

Undanþága til söfnunar kúluskíts í þágu rannsókna og/eða fræðslu veitir Umhverfisstofnun í samráði við Náttúruvísindisstofnuna við Mývatn.

5. gr.
Viðurlög.

Brot gegn auglýsingu þessari varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

6. gr.
Lagastoð og gildistaka.

Auglýsing þessi sem sett er með stoð í 3. tl. 53. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum, tekur þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 13. júní 2006.

Sigríður A. Þórðardóttir.

Magnús Jóhannesson